




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hamrar

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4	Innra mat deilda 2024-2025	10
4.1	Álfaberg	10
4.2	Dvergasteinn.....	11
4.3	Hulduhóll	12
4.4	Tröllabjarg.....	14
5	Umbótaáætlun 2025-2026	15
5.1	Álfaberg.....	15
5.2	Dvergasteinn	18
5.3	Hulduhóll.....	21
5.4	Tröllabjarg	24
6	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	27
7	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	27
8	Foreldrasamvinna.....	28
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	28
10	Fylgiskjöl	29





1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárið 2024-2025 hefur gengið vonum framar hjá okkur í Hömrum. Við erum búin að vera einstaklega heppin með starfsfólk síðasta skólaár, nokkir í þeim hóp er að fara í nám og þurfum við að kveðja þá starfsmenn með söknuði en alltaf kemur maður í manns stað.

Skólanámskrá Hamra er búin að vera í bígerð í vetur og erum við ennþá að vinna að henni, þetta er mikil og fagleg vinna sem allir taka þátt í. Við höfum ákveðið að vinna með hæglæti í leikbarna í leikskóla og erum að koma því inn í námsskránnar okkar. Í vetur mun Guðrún Alda Harðardóttir vera okkur innan handar til að koma því verkefni inn í okkar leikskólastarf, hlökkum til að takast á við það.

Náttúruleg kennsla hefur verið rauður þráður í gegnum leikskólastarfið hjá okkur í Hömrum og munum við stuðla að því að starfsmenn leikskólans fái kennslu og fyrirlestra til að vinna með hana með börnunum. Í vetur var gerður bæklingur um það hvernig við vinnum með náttúrulega kennslu og verður hann aðgengilegur foreldrum í haust.

Starfsmannasamtölin í vor komu öll mjög vel út, starfsmenn eru mjög ánægðir í vinnunni, með starfsanda og með stjórnun leikskólans. Tækifæri til umbóta teljum við vera að huga að líðan starfsfólksins og að það sé gott hópefli til að stuðla að góðum starfsanda í Hömrum, því það skilar okkur í glöðu og ánægðu starfsfólki ásamt góðri vinnu með börnunum.

Námsferð var farin í apríl til Berlínar, þangað fóru deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri. Við fórum í skipulagðar ferðir með Berlínunum og fengum við frábæran farastjóra hana Margréti. Hún fór með okkur í heimsókn í tvo mjög ólíka leikskóla ásamt því að við enduðum á fyrirlestri í jákvæðri sálfræði, frábær ferð í alla staði.

Nýtt skólaár leggst vel í okkur. Hamrar er orðin rótgróinn leikskóli og hefur gott orðspor á sér og gerum við allt til að halda í okkar hefðir og menningu. Okkar stefna er að halda í okkar gildi sem við höfum sett okkur sem eru virðing, samvinna og jákvæðni.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Sumarfrí leikskólans
Hvernig fór matið fram?	Könnun á netinu
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að allir hafi sitt að segja með hvenær sumarfrí leikskólans verður.

Ytra mat

Hvað var metið?	Viðhorfskönnun starfsmanna
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegum Reykjavíkurborgar á netinu
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Til að kanna líðan starfsfólks í vinnunni

Foreldrakannanir:

Leikskólinn sendi foreldrum rafræna könnun í janúar varðandi sumarfríð næsta sumar. Tilgangurinn var sá að fá foreldra til þess að vera með í ákvarðanatöku um hvenær sumarfrí leikskólans ætti að vera. Foreldrar gátu valið um tvö tímabil, júní til júlí og júlí til ágúst. Þátttaka var góð og var niðurstaðan sú að leikskólinn yrði lokaður frá 14. júlí til 11. ágúst.

Umbætur:

- Senda út fleiri skoðanakannanir til foreldra um leikskólastarfið
- Daglegt spjall um framfarir/starf barnsins í leikskólanum á hverjum degi
- Foreldrar hafa óhindraðan aðgang að deildarstjóra. Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali. Foreldraviðtöl verða þannig í vetur að við tökum eitt viðtal í kringum afmæli barnsins, þar sem rætt er líðan/framfarir barnsins ásamt næstu skrefum barnsins í leikskólanum.





Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun á vegum Reykjavíkurborgar á netinu í mars og apríl
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar og forráðamenn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Hvernig foreldrar upplifa leikskólann og hvernig þau meta líðan barna sinni í leikskólanum





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.d. stjórnun, uppeldis- og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Viðtöl deildarstjóra við starfsfólk deilda
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að deildarstjóri taki viðtöl við starfsfólk á sinni deild í desember
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjóri setur upp viðtöl við hvern og einn. Farið er yfir líðan og starf hvers og eins á deildinni.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst desember 2025. Lýkur desember 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarstjórafundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allt starfsfólk fari í viðtal hjá sínum deildarstjóra.





Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Stjórnun					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X		X		X
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	X		X		X
Faglegt samstarf		X		X	
Leikskólapróun og starfsþróun	X		X		X
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	X	X	X	X	X

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Mannauður					
Hlutverk starfsfólks		X		X	
Fagmennska starfsfólks	X		X		X
Starfsánægja	X		X		X





Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Uppeldis og menntunarstarf					
Skipulag náms og námsaðstæður	X	X	X	X	X
Uppeldi, menntun og starfshættir	X	X	X	X	X
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	X	X	X	X	X
Námssvið leikskólans	X	X	X	X	X
Leikskóli án aðgreiningar	X		X		X
Mat á námi og velferð barna	X	X	X	X	X

Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Leikskólabragur					
Viðmót og menning		X		X	
Velferð og líðan barna	X	X	X	X	X
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu og upplýsingamiðlun		X		X	
Viðhorf foreldra		X		X	





Viðfangsefni	2025-26	2026-27	2027-28	2028-29	2029-30
Innra mat					
Framkvæmd		X		X	
Gagnöflun og vinnubrögð		X		X	
Opinber birting og umbætur		X		X	

Gögn eru greind á deildarfundum, teymisfundum, fundaröðum og matsteymisfundum. Þá er eftirfarandi kvarði notaður og allir þættir sem fá C eða D fara í umbótaáætlun.

A	Mjög gott verklag sem samræmis fyllilega lýsingu á gæðastarfi
B	Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi. Styrkleikar eru fleiri en veikleikar.
C	Verklagi ábótavant, uppfyllir viðmið um gæðastarf að sumu leyti en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta. Veikleikar fleiri en styrkleikar.
D	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

(Leiðbeiningar um innra mat í leikskóla bls.29)





4 Innra mat deilda 2024-2025

4.1 Álfaberg

Börn fædd 2021 og 2022

Sköpun og sjálfsefning

- **Styrkleikar**

- Gekk vel og betur en árið á undan. 2 starfsmenn voru að vinna með börnin saman, sem ekki var gert árið á undan. Verkefnið gengur betur fyrir sig.
- Þessi þáttur er kominn til að vera. Endurmeta eftir 3 ár.

Náttúruleg kennsla

- Hefur gengið vel, hefur sýnt sig í fataherberginu, börnin duglegri að biðja um aðstoð í fataherberginu.
- Matartími á réttu róli og allir kennarar duglegir að nota náttúrulegu kennsluna.
- Náttúruleg kennsla er komin í almenn samskipti á deildinni.

Tækifæri

- Fyrirlestrar og að nýtt starfsfólk horfi á myndböndin og fái glærur frá Báru sálfræðingi
- Vera með frasa meira sýnilega á svæðum (eru með fyrir matartíma).
- Minna hvort annað á þegar við erum að gleyma okkur.

Jóga

- Gekk ekki nógu vel, byrjuðu sterk. Hefur verið jóga en ekki eins skipulagt og planið var. Taka þetta inn af og til. Voru stundum að taka allan hópinn á sama tíma.
- Aðgerðir til umbóta – hvernig á að framkvæma það?
 - Hópi skipt í tvennt, helmingurinn af hópnum fer inní kot í jóga, hinn helmingurinn er í samverustund frammi. Mánudagar-fimmtudagar.
 - Hafa æfingar á myndrænu formi sem eru skemmtilegar fyrir börnin.

Tækifæri

- Hópi skipt í tvennt, helmingurinn af hópnum fer inní kot í öndunaræfingar, hinn helmingurinn er í samverustund frammi. Mánudagar-fimmtudagar.
- Hafa æfingar á myndrænu formi sem eru skemmtilegar fyrir börnin.





4.2 Dvergasteinn

Börn fædd 2021 og 2022

Náttúruleg kennsla:

- **Styrkleikar:**

- Undirbúningur nýttur vel til að horfa á myndbönd og glærur frá Báru sálfræðingi varðandi náttúrulega kennslu.
- Börnin urðu sjálfstæðari í samskiptum við hvort annað og við okkur. Duglegri að nota eigið frumkvæði í tjáningu.
- Munur á samskiptum meðal barnanna var sá að þau báru meiri virðingu fyrir hvort öðru. Sjálfstæðari að koma með hugmyndir að lausnum innan ágreinings milli hvors annars. Við munum halda áfram okkar vinnu með náttúrulega kennslu að leiðarljósi og umbótaáætlun er því lokið.

Sjónrænt skipulag:

- **Styrkleikar:**

- Byrjuðum seinna en við ætluðum okkur á að nota sjónrænt skipulag, byrjun janúar.
- Byrjunarerfiðleikar í fyrstu, rætt á deildarfund. Samræmdum okkur, sett inn í vaktarplanið fyrst til að byrja með þar til starfsfólk varð öruggara.
- Myndrænt skipulag hentaði mörgum hverjum einstaklega vel, sérstaklega þeim sem þurftu leiðbeiningu og stuðning yfir daginn að sjá myndrænt hvað væri framundan.
- Börnin urðu öruggari og vissu betur til hvers væri ætlast af þeim.
- Notuðum þ.a.l. mun meira myndahálsmenin í samskiptum við börnin, sem hefur gengið einstaklega vel. Höldum áframhaldandi vinnu næsta vetur, þar sem annar barnahópur kemur til okkar og því er umbótaáætlun lokið.

Sjálfsprottinn leikur:

- **Styrkleikar:**

- Leikumhverfi barnanna var vel nýtt.
- Skiptum barnahópnum niður í færri hópa.





- Nýttum vel þau svæði sem við áttum.
- Keypt voru skilrúm á hjólum fyrir hverja deild sem gerði það auðveldara fyrir að skapa næði fyrir leik barnanna og stúka stærri svæði niður í smærri.
- Börnin eru mörg hver dugleg að koma með hugmyndir að leikefnum. En efla má betur varðandi leikinn og er umbótaætlun sjálfssprottins leik ekki lokið og munum við vinna áfram með hann, sjá undir Hæglæti.

- **Tækifæri til umbóta:**

Leikurinn er ein helsta námsleið barnanna og því ber okkur að gefa leiknum góðan tíma í dagsskipulaginu og vera opin fyrir að auðga leikinn með því að horfa eftir áhuga barnanna og hlusta á þau hvað þau vilja.

4.3 Hulduhóll

Börn fædd 2020-2021

Styrkleikar

Einingakubbar:

Gekk mjög vel og börnin léku sér mikið með þá, sýndu mikinn áhuga á kubbum. Margar flottar byggingar. Komið til að vera. Endurmetum eftir 3 ár.

- Styrkleikar: Skapandi fyrir krakkana, alls konar nýir leikir, samvinna og meira hópefli.
- Umbótaáætlun: Byrja með fáa kubba og auka svo við þegar líður á veturinn. Setja inn annan efnivið með til að viðhalda áhuganum.

Sköpun og sjálfsefning:

Gekk vel, halda áfram með sköpun í listasmiðju og inn á deild. Komið til að vera. Endurmat eftir 3 ár.

- Styrkleikar: Ímyndunarafl barnanna örvast og þroskast mikið. Skráningar voru gerðar og settar í ferilmöppur barnanna og eins voru listaverk hengd upp á vegg.
- Umbótaáætlun: Bæta við efnivið og lengri tíma til að klára verkefni.

Jóga

Gekk vel, börnin sýndu mikinn áhuga á jóga og voru spennt að læra nýjar jóga stöður.

- Styrkleikar: börnin læra að róa sig, slaka á og anda.





Tækifæri

- Við þurfum að halda áfram allt árið í kring og passa að þessar stundir detti ekki niður.
- Jógastundirnar fara fram í vetur í samverustundum í litlum hópum.

Náttúruleg kennsla/virðing:

Gekk mjög vel, sáum miklar framfarir hjá krökkunum í samskiptum og máli. Komið til að vera.

Styrkleikar

- Börnin og starfsfólk voru dugleg að nota frasana sína. Börnin voru dugleg að biðja um aðstoð þegar þau þurftu á því að halda. Sáum framfarir í fataklefanum og við matarborð.
- Að börnin beri virðingu fyrir umhverfinu, leikskólanum og öðrum börnum.

Tækifæri

- Leggja meiri áherslu á matartímann, að börnin séu hvött til þess að biðja um það sem þau vilja.
- Hvetja börnin til þess að heilsa að morgni og kveðja í lok dags.





4.4 Tröllabjarg

Börn fædd 2019

Styrkleikar

Bæta hljóðvistina á deildinni til þess að stuðla að betri skilyrðum fyrir málþroska barnanna.

Þessi þáttur gekk vel en stöðugt þarf að huga að hljóðvistinni.

- Börnum hefur verið fækkað í rýmum eins oft og hægt er.
- Útiveran hefur verið nýtt betur sem og ýmis svæði leikskólans.
- Hljóðeinangrandi skilrúm eru komin á deildina sem gefur tækifæri til þess að búa til lítil leikrými sem stuðla að meiri ró.

Innleiðing náttúrulegrar kennslu

Þessi þáttur gekk vel. Starfsmenn hafa meðvitað staldrað við og hlustað og börnin hafa verið hvött til þess að orða langanir sínar. Þessi þáttur er kominn til að vera og verður endurmetinn eftir tvö ár.

- Börnin eru duglegir að orða á langanir sínar.
- Starfsmenn nota virka hlustun og eru meðvitaðir um að aðstoða börnin við að orða langanir sínar.

Leikumhverfi sem ýtir undir sjálfsprottinn leik barnanna. Gefa börnunum tíma til að þróa og dýpka leikinn.

Vel gekk að vinna með þennan þátt og mikið rými og tími hefur verið gefinn fyrir sjálfsprottinn og skapandi leik. Börnin geta geymt það sem þau eru að leika með og haldið áfram síðar ef þau vilja. Þessi þáttur verður endurmetinn eftir þrjú ár.

- Mikið nám fer fram í gegnum sjálfsprottna leikinn.
- Börnin vinna úr reynslu sinni.
- Börnin æfa sig í félagslegum samskiptum, þau leita lausna og eru skapandi.





Tækifæri

Efla enn frekar sjálfsprottinn og skapandi leik með því að huga að því hvaða leikefni við erum að nota. Hvetur leikefnið til möguleika hugsunar þ.e. getur hluturinn gegnt mörgum ólíkum hlutverkum? Fræða starfsfólk deildar um hvað lærist í gegnum leik því leikurinn á að vera megin námsleið barnanna. Einnig að kynna betur fyrir starfsfólki hvert sé þeirra hlutverk í leiknum.

5 Umbótaáætlun 2025-2026

5.1 Álfaberg

Álfaberg, börn fædd 2022-2023	Jóga
Umbótaþáttur/matsþáttur	Jóga 
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna sem skili sér í betri einbeitingu og slökun yfir daginn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnunum skipt í tvær samverur að morgni. Verður í báðum samverunum á mánudögum og fimmtudögum í vetur.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst október 2025. Lýkur maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir notaðir til að meta jógastundirnar og skoðað hvort börnin verða leiknari í því að finna sitt eigið jafnvægi





Álfaberg, börn fædd 2022-2023		Hæglæti og náttúrleg kennsla
Hæglæti í daglega starfinu		Hæglæti og náttúruleg kennsla fyrir þennan aldur vinna vel saman
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?		Gefur hverju barni meiri tíma í okkar daglega starfi. Byrjum á leiknum/fataklefanum og salernisferðunum. - Börnin verða sjálfstæðari og duglegri að tjá sig. - Kennarar sjá fyrir styrkleika/veikleika hvers barns fyrir sig. Skipulagið verður yfirvegaðra og rólegra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?		Vera meðvituð um að hægja á og gefa meiri rými og tíma fyrir: - Leikinn. Hafa námsumhverfi barnanna hvetjandi og vera ekki að skipta oft um viðfangsefni. Hlutverk kennara er að auðga leikinn með nærveru sinni og vera virkir og styðjandi við leik barnanna. - Rólegheit í fataklefanum, efla málproskann með því að setja orð á athafnirnar og hvetja börnin til sjálfstæðis. - Hafa salernisferðirnar notalegar og rólega stund. Fá börn í einu. Hvetja til sjálfstæðis varðandi: klósettferðir og að þvo hendur.
Ábyrgð		Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?		Hefst október 2025. Lýkur maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)		Metið á deildarfundum. Rætt og samræma vinnu meðal starfsmanna. Meta hvernig til tekst, hvað má betur fara. Er dagsskipulagið okkar sveigjanlegt?





Álfaberg, börn fædd 2022-2023	Sjálfspróttin leikur – Verðlaus efniviður
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Ætlum að kynna fyrir börnunum verðlausan efnivið í leik og í starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera dugleg að bjóða upp á verðlausan efnivið í leik auk könnunarleiksins. - Nota jógúrtdósirnar/kaffihylkin/kassa ef okkur áskotnast slíkir. Hafa ólíkan efnivið t.d. sullukar/leirkar/snjó/froðu. Mála með fótunum á bleyjunni.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst október 2025. Lýkur maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir notaðir til að meta, fara yfir skráningar. Hvað ættum við að bjóða oftar upp á?
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Ætlum að kynna fyrir börnunum verðlausan efnivið í leik og í starfi.





5.2 Dvergasteinn

Dvergasteinn börn fædd 2023-2024	
Hæglæti í daglega starfinu	Hæglæti og náttúruleg kennsla með þennan aldur vinna vel saman
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gefa hverju barni fyrir sig meiri tíma í okkar daglega starfi og munum við byrja á leiknum/fataklefanum og salernisferðunum. - Börnin verða sjálfstæðari og duglegri að tjá sig.- - Kennarar sjá fyrir styrkleika/veikleika hvers barns fyrir sig. - Skipulagið verður yfirvegaðra og rólegra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera meðvituð um að hægja á og gefa meiri rými og tíma fyrir: - Leikinn. Hafa námsumhverfi barnanna hvetjandi og vera ekki að skipta oft um viðfangsefni. Hlutverk kennara er að auðga leikinn með nærveru sinni og vera virkir og styðjandi við leik barnanna. - Rólegheit í fataklefanum, efla málproskann með því að setja orð á athafnirnar og hvetja börnin til sjálfstæðis. - Hafa salernisferðirnar notalegar og rólega stund. Fá börn í einu. Hvetja til sjálfstæðis varðandi: klósettferðir og þvo hendur.
Ábyrgð	Deildarstjóri, en allir starfsmenn framkvæma.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025-maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum. Rætt og samræma vinnu meðal starfsmanna. Meta hvernig til tekst, hvað má betur fara. Er dagsskipulagið okkar sveigjanlegt?





TMT- Tákn með tali	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	- Kynni á TMT fyrir börnin verða að vera samhliða málinu. - Börn og starfsfólk séu dugleg að nota TMT samhliða tungumálinu í leik og í starfi. - Markmiðið er að með notkun TMT verða börnin duglegri að tjá vilja sinn og verða skiljanlegri.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	- Tákn vikunnar. - Fyrst til að byrja með nota TMT við matarborðið, yfirfæra svo við salernisferðirnar.
Ábyrgð	Deildarstjóri, allir framkvæma
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október2025-maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmetið á deildarfundum. Starfsfólk noti undirbúningstímann sinn til að kynna sér TMT og horfa aftur á myndböndin með Báru.





Sjálfspróttinn leikur – verðlaus efniviður	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Ætlum að kynna fyrir börnunum verðlausan efnivið í leik og í starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera dugleg að bjóða upp á verðlausan efnivið í leik auk könnunarleiksins. - Nota jógúrtdósirnar/kaffihylkin/kassa ef okkur áskotnast slíkir. Hafa ólíkan efnivið t.d. sullukar/leirkar/snjó/froðu. Mála með fótunum á bleyjunni.
Ábyrgð	Deildarstjóri, allir framkvæma
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2025-maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundir notaðir til að meta, fara yfir skráningar. Hvað ættum við að bjóða oftar upp á?



5.3 Hulduhóll

Hulduhóll, börn fædd 2021-2022	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Jóga 
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnunum skipt í litla hópa og hafa jógastund á hverjum degi þannig að hvert barn fari annan hvern dag.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar Verður á vaktaplani
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2025. Lýkur maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má gera betur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn upplifa mikla ánægju í gegnum jóga. Þessir þættir eru mikilvægir þegar kemur að núvitund, ró og að hlusta á eigin líkama.



Hulduhóll, börn fædd 2021-2022	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Náttúruleg kennsla og virðing
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að innleiða uppeldisstefnu um náttúrulega kennslu í starf leikskólans. Hvetja börnin til að bera virðingu fyrir umhverfinu, leikskólanum og öðrum börnum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	- Fyrirlestrar - Leiðsögn sálfræðings - Æfingar - Starfsmenn vinna í hópum - Hvetja börnin til að heilsa að morgni og kveðja í lok dags
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2025. Lýkur maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	- Matslistar - Umræður á starfsdögum og deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	- Frasar sem starfsmenn og börn nota í samskiptum. - Samskipti sem einkennast af virðingu. - Agastefna Hamra fullbúin.





Hulduhóll, börn fædd 2021-2022	
Hæglæti í daglega starfinu	Hæglæti og náttúruleg kennsla vinna vel saman
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Gefa hverju barni fyrir sig meiri tíma í okkar daglega starfi og munum við byrja á leiknum/fatakleanum og matarborðum. - Börnin verða sjálfstæðari og duglegri að tjá sig. - Kennarar sjá fyrir styrkleika/veikleika hvers barns fyrir sig. - Skipulagið verður yfirvegaðra og rólegra.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vera meðvituð um að hægja á og gefa meiri rými og tíma fyrir: - Leikinn. Hafa námsumhverfi barnanna hvetjandi og vera ekki að skipta oft um viðfangsefni. Hlutverk kennara er að auðga leikinn með nærveru sinni og vera virkir og styðjandi við leik barnanna. - Rólegheit í fatakleanum, efla málproskann með því að setja orð á athafnirnar og hvetja börnin til sjálfstæðis. - Við matarborðið. Að börnin skammti sér sjálf á diskana. Tala um það sem er í boði. Lækka röddina.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025-maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum. Rætt og samræma vinnu meðal starfsmanna. Meta hvernig til tekst, hvað má betur fara. Er dagsskipulagið okkar sveigjanlegt?



5.4 Tröllabjarg

Tröllabjarg börn fædd 2020 og 2021	
Skapandi efniviður í leik	Hvetur leikefnið til sjálfsprottins og skapandi leiks þar sem börnin fá tækifæri til möguleikahugsunar.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leikur og gleði einkenni starfið á deildinni. Börnin eigi skráningar í ferilmöppu sinni þegar þau eru í sjálfsprottum og skapandi leik, þar sem hugmyndir þeirra eru skráðar. Skráningarnar nýttar á deildarfundum og í foreldraviðtölum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Bjóða upp á opinn og skapandi efnivið í leik. Gefa leiknum tíma og rými. Starfsfólk fylgist með og skrái hjá sér í máli og myndum.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – apríl 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið á deildarfundum. Skráningar ræddar og skoðaðar þar. Á deildarfundum verður reglulega farið yfir hvaða efnivið við erum að bjóða upp og hvort þurfi að gera einhverjar breytingar. Ræða við börnin um þeirra hugmyndir að skemmtilegum efnivið í leikinn.



Hæglæti í listasmiðju 	Gefa hverju barni tíma til þess að vinna að hugmynd sinni í ró og næði. Það eykur vellíðan og styrkir sjálfsmynd barna að koma hugmynd sinni í framkvæmd.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnin kynnist fjölbreyttum efnivið og geta gert tilraunir. Hvert barn á skráningu á verkefni sem það hefur unnið í listasmiðju. Börnin sýni sjálfstæði í vinnubrögðum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa hverju barni þann tíma sem það þarf í listasmiðju. Barn má koma aftur og aftur að vinna að sama verkefni. Kynna börnin fyrir ólíkum efnivið.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 - apríl 2024
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Þegar barn vinnur að verkefni sínu í listasmiðju þarf að skrá ferlið og hugmyndir barnsins í máli og myndum. Skráningin er rædd á deildarfundum og í foreldraviðtölum, skráning er sett í ferilmöppu barnsins.





Hlutverk starfsfólks í leik	Að starfsfólk sé meðvitað um hvaða nám fer fram í gegnum leik. Hvert er hlutverk starfsfólks og hvað ber að hafa í huga.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Allir starfsmenn hafa gert skráningu á leik sem hafa verið ræddar á deildarfundum. Skráningarnar sýna nám/framfarir/hæfileika barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk fær fræðslu um leikinn og mikilvægi hans. Starfsfólk æfist í að gera skráningar á leiks þar sem horft er á styrkleika barna.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 - maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Verður metið á deildarfundum. Starfsmenn hafa gert skráningar af börnum í leik sem þeir sýna og ræða á deildarfundum. Starfsmenn geti sýnt og sagt frá styrkleikum/námi barna í leik.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

- **Starfsþróunarsamtöl**

Starfsþróunarviðtöl fara fram í mars. Allt starfsfólk fær spurningar á blaði viku fyrir viðtölin til þess að undirbúa sig. Viðtölin fara fram á skrifstofu leikskólastjóra og eru um klst. í senn. Farið er í gegnum hvernig starfsmanni líður í vinnunni, hverjir styrkleikar þeirra eru og hvaða námskeið starfsmaður hefur áhuga að fara á.

- Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Elstu börnin í Hömrum koma til með að fara í heimsóknir í Borgaskóla einu sinni í mánuði. Þar er einn kennari sem sér um að taka á móti okkur og undirbúa heimsóknina. Í þessum heimsóknum koma börnin til með að kynnst skólanum/byggingunni og fara í kennslustundir.

Markmið samvinnu leikskóla og grunnskóla í aðlögun 5 ára barna í grunnskólann

- Stuðla að vellíðan barna við flutning milli skólastiga
- Að börnin upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans
- Að auka jákvæðni og samvinnu á milli skólastiga
- Að börnin kynnist skólabyggingunni og skólalóðinni

Leiðir að markmiðum

- Það að börnin koma í heimsóknir í skólann og kynnist byggingunni og skólalóðinni stuðlar að öryggi og vellíðan. Grunnskólinn verður því eðlilegt framhald leikskólans.





8 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð og foreldrafélag:** Foreldraráð skipa þrír foreldrar ásamt leikskólastjóra. Kosið er annað hvert ár að hausti. Kosið verður í foreldraráðið haustið 2025. Foreldraráð og fulltrúar úr foreldrafélaginu hittast þrisvar til fjórum sinnum á ári, setja niður það sem er framundan, s.s. piparkökumálun, sveitaferð og jólagjafainnpökkun. Foreldraráð fær starfsáætlun til yfirlestrar auk annarra mála sem upp koma. Fulltrúar í foreldrafélaginu er með lokaðan spjallhóp á Facebook ásamt stjórnendum Hamra, þar sem þau ræða það sem er framundan.
- **Foreldrafundir:** Fjórir foreldrafundir verða haldnir í leikskólanum í 15.-18.september, þar sem farið verður yfir starf vetrarins. Nú verða fundirnir að morgni til inni í sal. Ein deild heldur sinn fund í einu. Stjórnendur verða með á öllum fundunum. Farið verður yfir hagnýtar upplýsingar frá leikskólanum og síðan fer deildarstjóri ásamt starfsfólki fer yfir efni sem deildarnar koma til með að vinna með næsta vetur. Starf foreldrafélags verður kynnt fyrir foreldrum og forráðamönnum á þessum fundum.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- 2.október 2025. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi
- 28.nóvember 2025. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi
- 2. janúar 2026.
- 6. febrúar 2026. Sameiginlegur með leik- og grunnskólum í Grafarvogi
- 24. apríl 2026.
- 13. maí 2026.





10 Fylgiskjöl

Leikskóladagatal

Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Hamra

Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir 27.06.2025

Leikskólastjóri

Dagsetning





Fylgiskjal

Starfsáætlun 2025 – 2026 Hamrar

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hrafnhildur Haldorsen

Kamilla Rún Gísladóttir

Margrét Sesselja Kristjánsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Við teljum áherslur starfsáætlunar samræmast vel starfi leikskólans á undangengnu skólaári.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Foreldraráði þykir starfsáætlun metnaðarfull og vel til þess fallin að stuðla að bættri vellíðan barna. Sérstaklega þykja okkur þær aðgerðir sem stuðla að hæglæti (skilrúm, jóga, frjáls leikur) og sjálfstæði (náttúruleg kennsla) vera til fyrirmyndar. Á heildina litið er þetta flott yfirlit um stöðuna, áskoranir við innleiðingar og tækifæri til úrbóta.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Gott er að stefnt sé að auknu samráði við foreldra eins og hefur verið gert t.d. hvað varðar sumarfrí og að markmið sé að stuðla að bættri daglegri upplýsingagjöf um börnin til foreldra. Sérstakar gleðifréttir að starfsmannamál gangi vel, bæði hvað varðar mönnun í stöður og eins starfsandinn. Foreldraráð tekur undir að Hamrar hafi gott orðspor innan Grafarvogs og að því beri að hlúa.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Tillaga til úrbóta sem foreldraráð bar einnig upp í fyrra snýr að samstarfi leikskólans við grunnskóla. Foreldraráð leggur áherslu á að börnin í Hömrum fara ekki einungis í Borgarskóla heldur líka Engjaskóla og því er mikilvægt að efla samstarf við báða skólana. Í ár fer t.d. meirihluti 2019 árgangsins í Engjaskóla og þau góðu markmið sem starfsáætlunin leggur áherslu á (stuðla að vellíðan





barna við flutning milli skólastiga, auka samvinnu milli skólastiga og að börnin kynnist skólabyggingunni og skólalóðinni) gagnast því ekki þeim börnum sem fara í Engjaskóla. Foreldrar barna hafa sjálfir reynt að skipuleggja heimsóknir barna í samstarfi við Engjaskóla og Engjaborg, en mögulega gætu Hamrar eftt samstarf við Engjaborg og þannig samnýtt samstarf (og heimsóknir) þess leikskóla við Engjaskóla.

Ennfremur leggur Foreldraráð áherslu á að leikskólinn þurfi að hvetja foreldra og forráðamenn til virkari þátttöku í foreldrafélagi Hamra.

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Hrafnhildur Haldorsen

Kamilla Rún Gísladóttir

Margrét Sesselja Kristjánsdóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.





Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Leikskólinn Hamrar

OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M		1 L		1 M	Fúlveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagur í leikskóla	1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 M	
2 F	Skipulagsdagur	2 S		2 Þ		2 F	Skipulagsdagur	2 M		2 M		2 F	Skírdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 F		3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 L		4 Þ		4 F	Jólalegur dagur	4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 S		5 M		5 F		5 M		5 F	Uppákomudagur	5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M		6 F	Nestisdagur	6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Skipulagsdagur	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L		6 M	
7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F	Opið hús	7 S	Sjómennadagurinn	7 Þ	
8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F	Uppákomudagur	8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	
9 F	Uppákomudagur	9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F	Regnbogadagur	9 L		9 Þ		9 F	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 Þ		10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F	
11 L	Fæðingardagur forseta Íslands (HT)	11 Þ		11 F	Jólaball	11 S		11 M	Dagur íslenska táknmálsins	11 M		11 L		11 M		11 F	Snúðaskokk	11 L	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 F		12 F	Nestisdagur	12 S		12 Þ	Útskrift	12 F		12 S	
13 M		13 F	Brunaæfing	13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M	Skipulagsdagur	13 L		13 M	
14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinnar	14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S		14 Þ	
15 M		15 L		15 M		15 F	Jarðskjálftaæfing	15 S		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	
16 F	Jarðskjálftaæfing	16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F		16 M	Bolludagur	16 M		16 F		16 L		16 Þ	Sumarhátíð	16 F	
17 F		17 M		17 M		17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 L		18 Þ		18 F	Vínafundur	18 S		18 M	Öskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 S		19 M		19 F		19 M		19 F	Skráningardagur í leikskóla	19 F	Brunaæfing	19 S		19 Þ	Útskriftarferð	19 F		19 S	
20 M		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 L		20 Þ		20 F	Skráningardagur í leikskóla	20 F		20 M		20 M		20 L		20 M	
21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L	Mislitir sokkar. Downs dagurinn	21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	
22 M		22 L		22 M		22 F	Bóndadags kaffi	22 S	Konudagur - upphaf Góu	22 S		22 M		22 F		22 M		22 M	
23 F	Bangsadagur. Vínafundur	23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Bóndadagur - upphaf Þorra	23 M	Konudagskaffi	23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	
24 F	Skráningardagur í leikskóla	24 M		24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F	Skipulagsdagur	24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	
25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 S		26 M		26 F	Annar í jólum	26 M		26 F	Vínafundur	26 F	Vínafundur	26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27 M	Skráningardagur í leikskóla	27 F	Vínafundur	27 L		27 Þ		27 F	Glitrandi dagur	27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	
28 Þ	Skráningardagur í leikskóla	28 F	Skipulagsdagur	28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	
29 M		29 L		29 M	Skráningardagur í leikskóla	29 F				29 S	Pálmásunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	
30 F		30 S		30 Þ	Skráningardagur í leikskóla	30 F				30 M	Skráningardagur í leikskóla	30 F	Vínafundur	30 L		30 Þ		30 F	
31 F	Hrekkjavaka			31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ	Skráningardagur í leikskóla			31 S				31 F	